



## 1596. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
3.2.2016, kl. 11:30.

### 1. Fundargerð 1595. fundar

Samþykkt.

### 2. Reykjavík International Games

Kjartan Ásmundsson kom á fundinn og hann ásamt Gústaf Adolf fóru yfir framkvæmd RIG þetta árið. Endanlegt uppgjör verður lag fram síðar. Lagt fram þakkarbréf frá stjórn ÍSÍ. Rætt um undirbúning að næstu leikum en það verða 10. leikarnir. Stjórn ÍBR færir öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd Reykjavíkuleika árið 2016 bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Ánægjulegt er að sjá hve leikarnir hafa vaxið og hve góð umgjörð er um mótahaldið.

### 3. Heilsuklasi fyrir íþróttir

Frímenn og Kjartan fóru yfir stöðu mála. Athugasemdum komið á framfæri varðandi fyrirliggjandi samþykktir. Samþykkt að stofna framkvæmdaráð skipað Frímenni og Kjartani frá ÍBR auk fulltrúa þeirra aðila sem vilja taka þátt í stofnun klasans. Framkvæmdaráðið skal vinna að því að koma verkefninu af stað eins fljótt og auðið er.

Kjartan viku af fundi.

### 4. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg

Farið yfir stöðu mála varðandi fyrirliggjandi samstarfssamning og rætt um möguleg viðbrögð og áframhaldandi vinnu.

### 5. Aðstöðumál Skvassfélags Reykjavíkur

Farið yfir aðstöðumál Skvassfélags Reykjavíkur. Skvassfélagið gæti lent á hrakhólum með aðstöðu ef allt fer á versta veg. Ræddir möguleikar á lausnum í málinu. Tekið aftur fyrir á næsta fundi.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 13:00.

Frímenn Ari Ferdinandsson